

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Umhyggju.

1. gr.

Umhyggja, félag til stuðnings sjúkum börnum, kt. 691086-1199, hefur stofnað sjóð sem heitir Styrktarsjóður Umhyggju. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf Haraldar Bððvarssonar hf. að upphæð 1.000.000 kr. Höfuðstóll sjóðsins má aldrei verða minni en 500.000 kr. að viðbættum verðbótum miðió við lánskjaravísitöluna 3511 (1. janúar 1997).

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a) Vextir og arður af eignum sjóðsins.
- b) Gjafir og áheit sem sjóðnum kunna að berast.
- c) Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.
- d) Aðrar tekjur sjóðsins.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja fjölskyldur langveikra barna með fjárframlagi þegar fjárhagserfiðleika má rekja til veikinda viðkomandi barns. Fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að sjóðum einstakra foreldrafélaga langveikra barna skulu hafa forgang að úthlutun úr Styrktarsjóði Umhyggju.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 einstaklingar. Stjórn Umhyggju tilnefnir tvo þeirra ásamt tveimur varamönnum. Yfirlæknir barnadeildar Landspítalans tilnefnir þann þriðja ásamt varamanni hans.

Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn, í fyrsta skipti til 1. mars 1998. Enginn skal sitja í stjórn sjóðsins lengur en 6 ár í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri skal hafa á hendi vörslu sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipa nefnd 5 einstaklinga til að annast úthlutanir úr sjóðnum. Skal stjórnin setja úthlutunarnefnd starfsreglur þ.m.t. þak á hverja úthlutun.

Stjórnin skal velja í úthlutunarnefnd þekkt og trausta einstaklinga í íslensku þjóðlífi sem engra hagsmuna eiga að gæta varðandi úthlutanir úr sjóðnum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða málefnum langveikra barna til hagsbóta. Engin breyting á skipulagsskránni tekur þó gildi nema fyrir liggi samþykki einfalds meirihluta stjórnarmanna.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans skiptast hlutfallslega miðað við rúma fjölda á milli barnadeilda sjúkrahúsa á Íslandi. Stjórn sjóðsins metur og sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma í þessu sambandi þar sem einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

21. janúar 1997

Nr. 55

AUGLÝSING

um skrá Sauðárkrókskaupstaðar skv. 6.-7. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Bæjarstjóri	1,0 staða
Bæjarritari	1,0 staða
Launafulltrúi	1,0 staða
Starfsmaður launadeild	0,5 staða

Skrá yfir þá sem falla undir 7. tölulið 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	1,0 staða
Yfirverkstjóri Sauðárkrókskaupstaðar	1,0 staða
Vatnsveitu- og hitaveitustjóri	1,0 staða
Rafveitustjóri	1,0 staða
Hafnarvörður	1,0 staða
Félagsmálastjóri	1,0 staða

Sauðárkróki, 21. janúar 1997.

Elsa Jónsdóttir bæjarritari.